

14. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrrmælum um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

16. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 398 25. júní 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. janúar 1998.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluta.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluta, til að öðlast gildi 1. febrúar 1998.

Gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluti, nr. 266 22. apríl 1997 breytist þannig:
D.2 Garðyrkjulýsing:

Vetrarorkugjald (október-apríl)	3,13 kr/kWh
Sumarorkugjald (maí-september)	1,57 kr/kWh
Fast gjald	36.734,00 kr/ár
Aflgjald	0,00 kr/kWh/ár

Aðrir taxtar standi óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. janúar 1998.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.